

27. MARS
2025

HARPA
ELDBORG



Prokofiev og Tsjaikovskíj

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

This Midnight Hour: 12'

Konsert: 30'

Sinfónía: 45'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Prokofiev og Tsjajkovskíj

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 27. MARS KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

David Danzmayr
hljómsveitarstjóri

Claire Huangci
einleikari

Anna Clyne

This Midnight Hour (2015)

Sergej Prokofiev

Píanókonsert nr. 3 í C-dúr, op. 26 (1921)

Andante – Allegro

Tema con variazioni (Andantino)

Allegro ma non tanto

Hlé

Pjotr Tsjajkovskíj

Sinfónía nr. 6 í h-moll, op. 74, „Pathétique“ (1893)

Adagio – Allegro non troppo

Allegro con grazia

Allegro molto vivace

Finale: Adagio lamentoso – Andante

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



David Danzmayr

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Austurríski hljómsveitarstjórinn David Danzmayr er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oregonríki í Bandaríkjunum og heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Zagreb, þar sem hann var áður aðalhljómsveitarstjóri. Hann er einnig stjórnandi ProMusica kammersveitarinnar í Columbus, Ohio, en hana skipar tónlistarfólk hvaðanæva að úr Bandaríkjunum. Danzmayr stundaði nám í píanóleik og hljómsveitarstjórn við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg og útskrifaðist þaðan með láði. Hann var styrkþegi Gustav Mahler-æskuhljómsveitarinnar þar sem Claudio Abbado og Pierre Boulez leiðbeindu honum og nam einnig hjá Leif Segerstam við Sibelius-akademíuna í Helsinki. Í kjölfarið var hann aðstoðarmaður Neeme Järvi, Stéphane Denève, Andrew Davis og Pierre Boulez.

Danzmayr var um þriggja ára skeið aðstoðarhljómsveitarstjóri Skosku þjóðarhljómsveitarinnar í Glasgow og stjórnaði hljómsveitinni yfir 70 sinnum víða um Skotland. Hann hefur síðan verið fastur gestastjórnandi hljómsveitarinnar auk þess að stjórna mörgum öðrum þekktum hljómsveitum austan hafs og vestan. Ferill hans í Bandaríkjunum hefur staðið með miklum blóma síðustu ár og hann hefur þar stjórnað meðal annars sinfóníuhljómsveitum í Cincinnati, Minnesota, Seattle, Baltimore, Indianapolis og Houston. Á meginlandi Evrópu hefur Danzmayr til að mynda unnið með Deutsche Kammerphilharmonie Bremen, sinfóníuhljómsveitunum í Hamborg, Bamberg og Basel, og útvarpshljómsveitunum í Vínarborg og Stuttgart.



Claire Huangci

EINLEIKARI

Bandaríski píanóleikarinn Claire Huangci vakti athygli á unga aldri þegar hún bar sigur úr bítum í alþjóðlegum Chopin-keppnum bæði austan hafs og vestan. Túlkun hennar á verkum pólska píanósnillingsins þótti framúrskarandi en hún hefur ekki síðri tök á tónlist frá öðrum tímabilum og leikur jöfnum höndum verk eftir Bach, rússnesku meistarana og Leonard Bernstein. Hún sigraði í Géza Anda-píanókeppninni í Sviss árið 2018 og hlaut þá jafnframt sérstök verðlaun fyrir Mozarttúlkun sína sem og áheyrendaverðlaun.

Huangci stundaði nám við Curtis-tónlistarskólann í Fíladelfíu í Bandaríkjunum en fluttist síðan til Þýskalands og hélt áfram námi við tónlistarháskólann í Hannover þaðan sem hún útskrifaðist með láði árið 2016. Hún hefur leikið einleik með ýmsum hljómsveitum, ekki síst á þýska málsvæðinu, svo sem Mozarteum-hljómsveitinni í Salzburg, Tonhalle-Orchester Zürich, kammersveitinni í Basel og útvarpshljómsveitunum í Stuttgart, Saarbrücken og Vínarborg. Huangci kom í fyrsta sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir tveimur árum þegar hún stókk inn í forföllum annars píanista og lék G-dúr píanókonsert Ravels með glæsibrag.

Claire Huangci hefur gefið út all margar plötur, meðal annars tvöfalda hljómplötu með sönötum eftir Domenico Scarlatti sem hlaut viðurkenningu tímaritsins *Gramophone*. Árið 2023 kom út á vegum Alpha Classics hljóðritun hennar á píanókonsertum eftir Mozart með Mozarteum-hljómsveitinni í Salzburg undir stjórn Howards Griffiths, og þeirri plötu fylgdi hún eftir með sólóplötu þar sem hún leikur verk eftir bandarísku tónskáldin Gershwin, Beach og Barber.



Anna Clyne

THIS MIDNIGHT HOUR

This Midnight Hour eftir enska tónskáldið Önnu Clyne (f. 1980) er samið að beiðni Orchestre national d'Île de France og tónskáldið segir að það hafi verið kraftmikill hljómurinn í neðri strengjum hljómsveitarinnar sem gaf henni hugmynd að upphafi verksins. Frekari innblástur hafi síðan komið frá ljóðum tveggja skálda. Annars vegar örstuttu ljóði eftir Juan Ramón Jiménez sem hljóðar svo í lauslegri þýðingu:

Tónlistin

– nakin kona

sem hleypur galin gegnum heiða nóttina!

Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveitin flutti Masquerade eftir Önnu Clyne í janúar 2020 undir stjórn Pietari Inkinen.

Fjórum árum síðar hljómaði sellókonsertinn Dance í flutningi sveitarinnar og finnska sellóleikarans Senju Rummukainen undir stjórn Emiliu Hoving. Þetta er frumflutningur *This Midnight Hour* á Íslandi.

Clyne segir: „Þessi sterka mynd sló mig strax og ég ákvað að túlka hana með sprengikrafti, til dæmis með því að skipta strengjunum upp og láta hópana spila, hvern af öðrum, fallandi stef í *fortissimo* og framkalla þannig stereó-áhrif. Þarna nýttist mér reynsla mín af raftónlist.“

Hitt ljóðið er *Harmonie de soir* eftir Charles Baudelaire sem dregur upp kvöldstemningu þegar allt er í blóma, höfugur ilmur fyllir loftið og einhver staðar heyrir í fiðlu: „angurvær vals og langdreginn svimi!“ segir þar. „Um miðbik verksins nýti ég mér hugmyndina um þennan angurværa vals,“ segir Clyne. „Ég skipti víólunum upp og læt helminginn spila laglínuna eins og hún er skrifuð, meðan hinn helmingurinn spilar kvarttóni ofar svo að tónlistin hljómar eins og Parísarvals leikinn á harmonikku.“



Sergej Prokofiev

PÍANÓKONSERT NR. 3

Árið 1921 var þýðingarmikið í ævi Sergejs Prokofíev (1891–1953). Hann stóð á þrítugu, hafði þremur árum fyrr yfirgefið föðurland sitt, Rússland, í kjölfar byltingar bolsévika og haldið til Ameríku, en snúið síðan til Parísar þar sem samstarf hans við ballettflokk Djaghílevs bar ávöxt með ballettinum *Fiflið* sem frumsýndur var vorið 1921, bæði í París og Lundúnum. Með því fékk Prokofíev byr í seglin þótt viðtökur verksins væru blendnar. Um sumarið dvaldist hann ásamt móður sinni og æskuvini, sem einnig höfðu haft sig í burt frá Rússlandi, í smábænum St. Brevin-les-Pins á Bretagne-skaga. Söngkonan Lina Codina var þar tíður gestur því þau Prokofíev voru að draga sig saman. Þetta var sælutími eftir umrót liðinna ára; Prokofíev naut ekki bara lystisemda heldur vann kappsamlega að tónsmíðum sínum. Á Bretagne kynntist hann öðrum rússneskum listamanni í útleigð, skáldinu Konstantín Balmont, og með þeim tókst góður vinskapur. Prokofíev samdi sönglög við fimm ljóð eftir Balmont og sýndi honum þann sóma að leika fyrir hann kafla og kafla úr píanókonserti sem hann hafði haft í smíðum í áratug. Svo fór að Prokofíev rak smíðshöggið á konsertinn þetta sumar og tileinkaði hann Balmont. Þetta var þriðji píanókonsertinn frá hendi tónskáldsins og sá sem vinsælastur hefur orðið enda glæsilegt verk þar sem gott jafnvægi ríkir milli einleiksparts og hljómsveitar.

Verkinu var þó fremur fálega tekið í fyrstu. Prokofíev snéri aftur til Bandaríkjanna um haustið og frumflutti sjálfur konsertinn í desember í Chicago. Hann var mikill píanisti en viðurkenndi í bréfi að konsertinn væri ansi snúinn: „Ég þarf að æfa mig grimmt í þrjá tíma á dag!“. Í janúar var komið að New York þar sem gagnrýnendur fundu fátt hrósvert í verkinu. Vonsvikinn yfir viðtökunum hélt Prokofíev aftur til Evrópu og gaf Ameríkuframa upp á bátinn. Hann flutti konsertinn í París undir stjórn nafna síns Koussevitzky og hljóðritaði hann svo áratug síðar með Sinfóníuhljómsveit Lundúna og er það eina upptakan sem til er þar sem Prokofíev leikur eigin konsert.

Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Þriðji píanókonsert Prokofíevs hljómaði fyrst í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og bandaríska píanóleikarans Agustins Anievas árið 1967 undir stjórn Bohdans Wodiczko í Háskólabíói. Meðal annarra sem flutt hafa konsertinn með hljómsveitinni eru Leif Ove Andsnes (1988) og Roger Woodward (1999). Osmo Vänskä hefur þrisvar sinnum stjórnað þriðja píanókonsertinum með Sf: 1992 með Dmítríj Alekseév í hlutverki einleikarans, 1995 með Henri Sigfríðsson og 2015 með Behzod Abduraimov. Síðast hljómaði konsertinn á tónleikunum Ungir einleikarar í ársbyrjun 2018. Þá lék Romain Þór Denuit einleik en Daniel Raískin stjórnaði.



Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveitin hefur leikið *Pathétique*-sinfóníuna 17 sinnum, fyrst undir stjórn Olavs Kielland í Þjóðleikhúsinu 1953 og aftur 1956. Síðan hafa m.a. haldið um taumana þau Jindrich Rohan (1962), Daniel Barenboim (1971), Jean-Pierre Jacquillat (1982), Klauspeter Seibel (1985), Petri Sakari (1995), Rumon Gamba (2009), Pietari Inkinen (2013), Anna-Maria Helsing (2017) og Han-Na Chang (2019).

Pjotr Tsjajkovskíj

SINFÓNÍA NR. 6

Sjötta sífónía Pjotrs Tsjajkovskíjs (1840–1893), sú síðasta frá hans hendi, var frumflutt undir stjórn tónskáldsins sjálfs í Sankti Pétursborg 28. október 1893. Henni var allvel tekið og sjálfur lét Tsjajkovskíj svo um mælt að honum þætti vænst um þetta verk af öllum sínum tónsmíðum. Aðeins níu dögum síðar var hann liðið lík. Samkvæmt dánarvottorði var andlátið af völdum kóleru. Kólerufaraldur geisaði um þessar mundir í Pétursborg og Tsjajkovskíj hafði drukkið ósoðið vatn þegar hann borðaði kvöldverð í góðra vina hópi á einum af sínum eftirlætis veitingastöðum. Árið áður hafði hann dvalist um hríð í Austurríki og farið pílgrímsferð til Salzburger, fæðingarstaðar Mozarts sem Tsjajkovskíj hafði í hávegum. Það má sjá hliðstæðu með örlögum þeirra skáldbræðranna. Mozart dó um aldur fram frá hálfsamdri sálumessu sem hann óttaðist að yrði hans eigin, og feigðin er nærri í síðustu sífóníu Tsjajkovskíjs, þótt honum hafi auðnast að ljúka henni og ekkert hafi bent til að brátt yrði um hann. Þvert á móti var hann vel settur; hann var innundir hjá keisaranum og það tryggði honum framfærslu, hann ferðaðist tíðum til útlanda og naut vaxandi virðingar þar, en heima var hann umvafinn ástriki fjölskyldu þar sem voru systkini hans og börn þeirra. Dauðinn var samt nærtækt yrkisefni og beinlínis í tísku sem slíkt á síðustu árum 19. aldarinnar. Og Tsjajkovskíj fann auðvitað fyrir honum í sínu persónulega lífi eins og aðrir; vinir og elskhugar bárust burt á tímans straumi og þannig var tónsmíðurinn minntur á hið óumflýjanlega. Strax eftir frumflutninginn fékk sífónían auknefnið *Pathétique* — hin tilfinningaþrungna — enda ólgar hér allt af stórum kenndum.

Sífnónían hefst þó á mjög lágstemmdan hátt; hún eins og rís úr djúpinu með því að fagottið kynnir fyrstu tónhugmyndina sem víólur og önnur hljóðfæri taka svo við. Síðan hljómar annað bjartara stef í strengjunum og er útfært eftir að fagott og flauta hafa tekið millispil. Allt er sigið í værð þegar brestur á með skyndilegum stormi þar sem brot úr fyrsta stafi feykjast um og málmbíasarar

þrúma svo hið síðara. Í skammvinnu logni heyrum við básúnur tóna sálm sem sunginn er við sálumessur í orpóðox kirkjunni en síðan heldur stefjaúrvinnslan áfram, tilfinningaþrungin og á köflum hamslaus, allt þar til blásarar loka þættinum með undurföggu samspili.

Annar þáttur kallar fram í hugann dansleik þar sem þrúðbúin þör svífa um í vals. En hér er reyndar ekki leikið í þrúskiptum takti heldur í 5/4 svo inn í dansinn er byggður óróleiki – hér er ekki allt sem sýnist. Þegar þriðji þáttur hefst mætti ætla að við værum enn á dansgólfinu, í hröðum dansi, en smátt og smátt fer að bera á lúðraköllum sem minna æ meir á hergöngumars. Léttleikinn sem einkenndi upphaf þáttarins viku fyrir eins konar óumflýjanleika: allt stefnir í eina átt. Lokapáttur verksins hefst á angurværum inngangi og svo hljómar huggunarrikt stef, leikið af fiðlum, sem gengur aftur í ýmsum myndum í þættinum. Tsjaikovskíj byggir tónlistina upp að hápunkti en síðan heyrast lúðurhljómar sem minna á sorgaróð áður en verkið hverfur smám saman í djúpið þaðan sem það kom – inn í hina eilífu þögn.

Svanhildur Óskarsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Joanna Bauer
Laura Liu
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Sólveig Steinþórsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þórfirís
Þórarinn Már Baldursson
Guðbjartur Hákonarson
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Júlía Mogensen
Helga Björg Ágústsdóttir
Urh Mrak
Margrét Árnadóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Antonia Zimmermann
Bryndís Þórsdóttir
Shunyu Liu

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Caroline Messner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Ingibjörg Ragnheiður Linnet

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Frank Aarnink

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

10.04 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Draumórasinfónían

Fiðlukonsert Albans Berg frá 1935 er „helgaður minningu engils“. Engillinn var Manon Gropius, dóttir vínahjóna Bergs, og verkið er því einskonar sálumessa í konsertformi, en varð einnig síðasta verkið sem tónskáldið lauk við fyrir sitt eigið andlát. Þótt Berg hafi samið verkið með tólftónahætti stendur það föstum fótum í tónlistarhefð fyrri alda, í því heyrast bæði dúr- og mollpríhljómar og það er þannig bæði framsækið og hrífandi fagurt að hætti fyrri tíma.

Einleikari er hinn austurríski Rainer Honeck en árið 2017 lék hann einleik með og stýrði Kammersveit Vínar og Berlínar úr sæti konsertmeistara á tónleikum í Eldborg við feiknagóðar viðtökur.

Symphonie fantastique eða Draumórasinfónían eftir Hector Berlioz, eitt höfuðverka rómantíska tímabilsins. Undirtíll verksins er „Brot úr lífi listamanns“ og fjallar tónskáldið hér um eigið líf, óendurgoldna ást og óráðsdræma. Þegar Symphonie fantastique var frumflutt fylgdi ítarleg umfjöllun um söguþráð verksins í efnisskrá tónleikanna, nokkuð sem var mikil nýbreytni á þeim tíma. Tónleikunum stjórnar fransk-svissneski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy, fyrrum aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

25.04 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30



Ungir einleikarar

Tónleikarnir Ungir einleikarar er sannkölluð uppskeruhátíð en þar koma fram þeir nemendur sem urðu hlutskarpastir í einleikara- og einsöngskeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin öllum tónlistarnemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja. Óhætt er að segja að þeir sem koma hér fram eru framtíð íslenskrar tónlistar og spennandi að fylgjast með þeim feta sín fyrstu skref í atvinnumennsku.

Hljómsveitarstjóri tónleikanna er hinn georgíski Mirian Khukhunaishvili, en hann lauk doktorsnámi í hljómsveitarstjórn frá Tónlistarakademiunni í Kraká í Póllandi árið 2020. Hann leggur mikla rækt við samvinnu við ungt fólk og er hann stofnandi og tónlistarstjóri Ungmennahljómsveitarinnar í Tbilisi og um skeið kenndi hann hljómsveitarstjórn við Listaháskóla Íslands. Haustið 2025 tekur Khukhunaishvili við sem tónlistarstjóri óperunnar í Wrocław.

Einleikarar tónleikanna eru Bjargey Birgisdóttir, fiðluleikari, Katrín Birna Sigurðardóttir, sellóleikari og Steinn Völundur Halldórsson, básúnuleikari.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Óperuveisla með Ólafi Kjartani

3. & 4. APRÍL | KL. 19:30

Ólafur Kjartan Sigurðarson, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hefur átt fádæma velgengni að fagna í heimi óperunnar á síðustu árum.

Hér býður hann til sannkallaðrar veislu þar sem glæsilegir gestir, söngvararnir Kristín Anna Guðmundsdóttir, Gunnar Björn Jónsson og Kristín Sveinsdóttir bregða sér í hin ýmsu hlutverk. Um tónsprotann heldur Bjarni Frímann Bjarnason.

Þessir tónleikar eru fullir af ástríðu, örlagaþrungnum aríum og dýrðlegum dúettum úr helstu perlum óperunnar, t.d. eftir Verdi, Puccini og Bizet.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS